



ORKUSTOFNUN

---

## Aukning miðlunar í Þórisvatni

Gunnlaugur Jónsson, Kristinn Einarsson

Greinargerð GJ-KE-81/03

1981-01-29

Aukning miðlunar í Pórisvatni.

Mjög alvarlegt ástand hefur nú skapast í raforkumálum þjóðarinnar, þar eð stærsta miðlun vatnsorkukerfisins, Pórisvatn, er næstum tóm. Fullt er Pórisvatn við vatnshæð 576 m y.s. og geymir þá rúmlega 1000 Gl vatnsforða. Vatnshæðin í Pórisvatni nú í lok janúar er um 565 m y.s og vatnsforðinn um 250 Gl, er þá miðað við að hægt sé að lækka vatnsborð í 561 m y.s. Verulegrar tregðu gætir þó á rennslinu þegar við 564 m y.s., sem er sjö metrum yfir hönnunarhæð skurðbotns og um þrem metrum yfir líklegu hönnunarvatnsborði við lægstu stöðu í lóni.

Mjög mikil verðmæti eru fólgin í miðlunum. T.d. má áætla að hver metri í niðurdrætti í Pórisvatni gefi um 70 Gl vatns og um 31 Gwh raforku í Sigoldu og Búrfelli. Verðmæti raforkunnar er 2,5 milljarðar gkr. ef miðað er við framleiðslu í dieselrafstöð, en 1,1 milljarður gkr. ef miðað er við verðmætasköpun í stóriðju.

Vegna þess, hve mikil verðmæti eru hér í húfi, er nauðsynlegt að miðlunum sé stjórnað af skynsemi og mikilli fyrirhyggju. Eins og nú er komið málum, er nauðsynlegt að nýta þá vatnsdropa sem eftir eru í Pórisvatni á réttum tíma og að fullu. Staðan er hins vegar sú, að ekki er nákvæmlega vitað, hve mikið er eftir af miðlanlegu vatni í Pórisvatni, þar eð skurðurinn var ekki grafinn að fullu niður í hönnunarhæð, og jafnframt má gera ráð fyrir nokkrum sandburði og hruni í skurðinum. Virðist okkur því einsýnt, að hagkvæmt sé með til-liti til ofangreinds verðmætis að gera allar tiltækar ráðstaf-anir til að dýpka skurðinn og fjarlægja þær hindranir, sem takmarka niðurdrátt í Pórisvatni. Til þessa er einstaklega gott tækifæri nú, þegar Pórisvatn er í lægri stöðu miðað við

1981-01-29

GJ / KE - 81/03

árstíma en nokkru sinni fyrr og jafnframt mikil þörf og mikill þjóðhagslegur ávinningur að aukinni miðlun úr Þórísvatni.

Benda má á, að það vatn sem nú er eftir til miðlunar í Þórísvatni er ekki meira en svo, að það megi að mestu geyma með hækkun miðlunar í Sigöldulóni og Þingvallavatni. Aukinn niðurdráttur og aðgerðir til hreinsunar á skurðinum úr Þórísvatni munu tryggja hámarks innrennsli í Þórísvatn og minnsta keyrslu með dieselvélum, enda þótt dreifing dieselkeyrslunnar gæti orðið önnur en nú er fyrirhugað.

Hvernig staðið yrði að málum í smáatriðum er ekki að fullu ljóst, enda er Landsvirkjun líklegust til að hafa þær upplýsingar, sem þarf til að gera nákvæma framkvæmdaáætlun. Okkur virðist þó, að hæfilegt sé að stefna á að nýta Þórísvatn að útrennslistakmörkunum í febrúar, en síðan að vinna að hreinsun í mars og fram í apríl, um leið og dregið er enn frekar niður í Þórísvatni.